

Fljótsdalshreppur  
b/t Gunnþórunnar Ingólfssdóttur oddvita  
Végarði  
701 Egilsstaðir

Reykjavík, 11. júlí 2018  
2018-04-89 / 11.7

## Efni: Umsókn Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi vegna Kröflulínu 3.

Landsnet hf., kt. 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, óskar með bréfi þessu eftir að fá útgefið framkvæmdaleyfi Fljótsdalshrepps fyrir Kröflulínu 3, 220 kV háspennulínu, að uppfylltum skilyrðum skipulagslaga, nr. 123/2010, þar að lútandi.

### 1. Umsókn um framkvæmdaleyfi

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, sbr. og 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012, fyrir framkvæmdinni Kröflulína 3, 220 kV háspennulína. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og er álit Skipulagsstofnunar, dags. 6. desember 2017, fyrirliggjandi. Er framkvæmdin í samræmi við þær breytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 sem sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum hinn 9. apríl 2018. Þar sem ráðgert er að hefja framkvæmdir við Kröflulínu 3 sem allra fyrst eftir að framkvæmdaleyfi liggur fyrir er þess óskað, með fyrirvara um staðfestingu skipulagsbreytinga, að umsókn þessi verði tekin strax til meðferðar svo unnt verði að gefa framkvæmdaleyfi sem allra fyrst eftir að lögbundnu skipulagsferli er lokið. Meðfylgjandi eru í tveimur eintökum gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknarinnar, sbr. sérstaklega 2. og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012. Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis, júlí 2018, sem er aðalþáttur gagnanna, er tekin saman af verkfræðistofunni EFLU f.h. Landsnets hf. Er vísað til hennar um frekari skýringar og lýsingar á framkvæmdinni og er greinargerðin hluti þessarar umsóknar Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi.

### 2. Um framkvæmdaraðila, framkvæmdina og mat á umhverfisáhrifum hennar

Samkvæmt 2. gr. laga um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004, hefur fyrirtækið það hlutverk að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003. Landsnet hf. ber ábyrgð á rekstri og kerfisstjórnun raforkukerfisins á Íslandi, sbr. sérstaklega 8. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki og skal það byggja upp flutningskerfi raforku á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, sbr. sérstaklega 9. gr. laganna.

Markmiðið með byggingu Kröflulínu 3 er að bæta raforkukerfi landsins, tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi með betri samtenginu þessara landshluta, auka flutningsgetu, öryggi raforkuafhendingar og gæði raforku, næstu 50 árin hið minnsta. Að auki mun sveigjanleiki í kerfinu, með tilliti til staðsetningar orkuvinnslu annars vegar og orkunotkunar hins vegar, aukast verulega. Þessi sveigjanleiki mun auka hagkvæmni í kerfinu og bæta nýtingu orkuauðlinda. Fyrirhuguð framkvæmd gerir ráð fyrir að ný Kröflulína 3 verði með 550 MVA hitaflutningsmörk.

Hinn 10. mars 2017 lagði Landsnet fram frummatsskýrslu um Kröflulínu 3 til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun gaf út álit sitt hinn 6. desember 2017.

Orkustofnun samþykkti kerfisáætlun Landsnets hf. 2015-2024 með ákvörðun dags. 25. apríl 2016 og var Kröflulína 3 ein þeirra framkvæmda sem þar var á framkvæmdaáætlun. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. raforkulaga ber engu að síður að tilkynna Orkustofnun um ný flutningsvirki áður en þau eru tekin í notkun og skal Orkustofnun hafa eftirlit með að slík framkvæmd sé í samræmi við framkvæmdaáætlun Landsnets. Fyrir liggur leyfi forsætisráðuneytisins vegna framkvæmda í Þjóðlendu, dags. 23. apríl 2018.

### 3. Um samninga við landeigendur

Á Ínuleiðinni innan lögsagnarumdæmis Fljótsdalshrepps er farið um land þriggja jarða, auk Þjóðlendu. Liggur fyrir samkomulag þar að lútandi við alla landeigendur. Mun kvöð vegna Kröflulínu 3 verða þinglýst á þær jarðir, þ.e.a.s. Hamborg, Skriðuklaustur og Valþjófsstað.


### 4. Niðurlag

Líkt og að framan er rakið er Landsneti hf. nauðsynlegt að hefja vinnu við framkvæmdina sem fyrst. Er því óskað eftir því að framkvæmdaleyfi vegna Kröflulínu 3 verði veitt við fyrsta tækifæri að uppfylltum skilyrðum skipulagslaga.

Vísað er til meðfylgjandi greinargerðar og gagna sem henni fylgja. Ef óskað er frekari upplýsinga eða aðstoðar þá vinsamlegast hafið samband við Þórarín Bjarnason verkefnisstjóra í s. 563-9359 eða [thorarinn@landsnet.is](mailto:thorarinn@landsnet.is).

Virðingarfyllst,

f.h. Landsnets hf.



Guðmundur Ingi Ásmundsson  
forstjóri